

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 1 000.00 til kr. 100 000.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað. Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 1967. Gilda þangað til ákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 74 30. maí 1965, um möskvastærðir botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda, en jafnframt eru önnur ákvæði þeirrar reglugerðar úr gildi felld.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

REGLUGERÐ**um eftirlit með ferskum humar og ferskri rækju.****1. gr.**

Ferskfiskeftirlitið annast eftirlit með ferskum humar og rækju.

2. gr.

Um þrif á skipum, sem veiða humar eða rækja og um húnað þeirra, svo og um húnað og þrif á móttökuhúsum fyrir humar og rækju gilda, eftir því sem við á, ákvæði reglugerðar nr. 1 13. janúar 1961, um ferskfiskeftirlit.

3. gr.

Allan humar og rækju um borð í fiskiskipi skal láta í ílát strax eftir þvott. Öll ílát, sem notuð eru til geymslu humars eða rækju, skulu vera úr efni, sem ferskfiskeftirlitið telur fullnægjandi, og þannig að lögun og stærð, að humarinn eða rækjan merjist ekki eða skemmist á annan hátt. Tréílát eru óheimil. Ílátin skulu þvegin vandlega, er þau hafa verið tæmd, og skulu þau vera hrein og þurr, þegar farið er í veiðiför. Einnig skal hreinsa þau með viðurkenndu gerileyðandi efni.

4. gr.

Rækju má ekki veiða í sjó, sem svo er mengaður afrennsli frá skolpræsum eða sorphaugum, að hann fullnægi ekki þeim hreinlætiskröfum, sem almennt eru gerðar til neyzluvatns. Ef ekki er talið öruggt, að sjórinn sé hreinn, ber eftirlitsmanni Ferskfiskeftirlitsins á staðnum að láta rannsaka hann.

5. gr.

Humar og rækju skal þvo vandlega strax um borð í fiskiskipi og kæla á þann hátt, sem Ferskfiskeftirlitið telur fullnægjandi. Kælingin skal vera það mikil að hitastigið í fiskinum verði sem næst 0° C, og fari aldrei yfir 4° C.

Undanþágu frá ofangreindu ákvæði um kælingu má veita rækjubátum, sem eru skemur en 12 klst. í veiðiför.

6. gr.

Í landi skal kælingu á humar og rækju viðhaldið þangað til vinnsla fer fram, þannig að hitastigið í fiskinum verði sem næst 0° C, og fari aldrei yfir 4° C.

Rækju, sem ekki hefur verið kæld um borð, skal ísa vandlega strax eftir löndun.

7. gr.

Vatn og sjór, sem notaður er til þvotta á humar eða rækju, skal fullnægja þeim hreinlætiskröfum, sem gerðar eru til neyzluvatns.

Blanda skal klóri (Cl₂) í vatn og sjó, sem notaður er til þvotta á móttökuhúsum og búnaði þeirra, þannig að klórmagnið verði ekki minna en 25 p.p.m.

8. gr.

Ferskfiskeftirlitið getur, ef verðlagsáskvarðanir eða aðrar ástæður gefa tilefni til, metið humar og rækju í flokka eftir gæðum og stærð. Fiskmatsráð gefur effirlitsmönnum Ferskfiskeftirlitsins fyrirmæli um gæða- og stærðarflokkun.

9. gr.

Telji eftirlitsmaður að meðferð humars eða rækju um borð í fiskiskipum eða í móttökuhúsi sé ábótavant og ekki í samræmi við framangreindar reglur, er honum heimilt að stöðva vinnslu aflans.

10. gr.

Starfsmönnum Ferskfiskeftirlitsins er heimilt að fara um borð í öll fiskiskip og á hvern þann stað, þar sem humar og rækja er unnin. Einnig er þeim heimilt að taka sýnishorn af afla og athuga þau, og ber fiskkaupanda að veita aðstoð við þá athugun, ef þess er óskað.

11. gr.

Skjóta má ágreiningi, sem kann að rísa vegna starfa eftirlitsmanna, til yfir-
eftirlitsmanns og framkvæmdastjóra fiskmatsráðs.

12. gr.

Vinnslustöðvum er óheimilt að taka humar eða rækju, sem ætluð er til manne-
eldis til vinnslu úr fiskiskipum, sem ekki hafa gildandi hæfnisvottorð Ferskfisk-
eftirlitsins.

13. gr.

Framleiðsla humars- og rækjuafurða til manne-eldis er hönnuð í vinnslustöðvum, sem eigi hafa gildandi hæfnisvottorð.

14. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfisk-
eftirlit, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.